



Fundur í hafnarnefnd

1. fundur skipulags- og umhverfisnefndar Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn fimmtudaginn 24. janúar 2019. Fundur var settur kl. 12:00.

Mætt voru: Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson og Jónas Jóhannsson. Auk þess sat Jónas Egilsson fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð nýja fundarmenn velkomna til starfa.

Fundargerð

1. Verkefni og hlutverk nýrrar nefndar

Lagt var fram: Drög að erindisbréfi nýrrar nefndar, samþykktir sveitarfélagsins.

Samþykkt að gera tillögu um Árna Braga Njálsson sem varaformann nefndarinnar.

Drög að erindisbréfi lögð fram.

2. Fundartímar nýrrar nefndar

Samkvæmt samþykkri fundaáætlun sveitarstjórnar, eru nefndafundir ákveðnir annan hvern mánuð í nefndarviku á föstudögum kl. 17. Aukafundir verða haldnir ef með þarf.

3. Nýir liðir við gjaldskrá

Lagt fram minnisblað frá hafnarverði, dags. 24. janúar 2019, um ákvæði sem bæta þarf við í verðskrá Langaneshafna. Einnig var lagt fram erindi frá Umhverfisstofnun dags. 23. júní 2016 um sama mál, reglugerð nr. 1200/20014 með áorðnum breytingum og reglugerð nr. 1201/2014 um móttöku og meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt framlögðum reglugerðum, ber að innheimta gjald fyrir og gera áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs skipa sem koma til hafna.

Samþykkt um afgreiðslu: Nefndin felur sveitarstjóra að gera tillögu til hafnarnefndar um viðbætur við gildandi verðskrá fyrir Langaneshafnir með þeim viðbótarákvæðum sem reglugerðir nr. 1200/2014 og 1201/2014 kveða á um. Tillögur verði lagðar fyrir næsta fund nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

4. Eyðing vargfugls við höfnina á Þórshöfn

Lagt fram erindi frá hafnarverði til Kristjáns Kristjánssonar hjá lögreglunni, dags. 13. nóvember 2018 og svarbréf hans sama dags. um eyðingu vargfugls við Þórshafnarhöfn með skotvopnum. Skv. svari lögreglunnar ber að sækja um slíkt og hafnaryfirvöld og sveitarstjórn skulu veita umsögn um beiðnina.



Bókun um afgreiðslu: Hafnarnefnd er því fylgjandi að vargfugli verði fækkað eða fældur burt af hafnarsvæðinu til reynslu í þrjá mánuði, febrúar, mars og apríl 2019. Fuglinn er orðinn ágengur við landanir úr bátum við höfnina auk þess getur smithætta stafað af sílamáf og öðrum vargfugli.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál

5.1. Viðgerðir á hafnargarði á Bakkafirði. Ákveðið að fela sveitarstjóra að grennslast fyrir um stöðu mála. Samþykkt að óska eftir upplýsingum fyrir næsta fund nefndarinnar.

5.2. Starfsmannamál á höfninni. Auglýsing á stöðu við hafnarvarðar. Rætt. Afleysingarmaður hefur verið ráðinn tímabundið á höfnina á Bakkafirði.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.